

ÚTSKRIFT ÚR FUNDAGERÐABÓK SKIPULAGS- OG UMHVERFISRÁÐS HÚNAÞINGS VESTRA

201. fundur Skipulags- og umhverfissráðs Húnaþings vestra haldinn miðvikudaginn **5. október 2011 kl. 17:00** í fundarsal sveitarfélagsins að Hvammstangabraut 5, Hvammstanga.

Dagskrá :

1. Erindi Arinbjörns Jóhannssonar f.h. Brekkulækjar ehf.
2. Erindi Magnúsar Sigurðssonar og Kolbrúnar Ólafsdóttur.
3. Deiliskipulag frístundabyggðar í landi Litlu-Borgar.
4. Deiliskipulag/aðalskipulagsbreyting austan Norðurbrautar á Hvammstanga.
5. Afgreiðslur byggingarfulltrúa.

Afgreiðslur:

1. a. Arinbjörn Jóhannsson kt. 050350-7469 f.h. Brekkulækjar ehf. kt. 531006-3800 sækir um leyfi til að rífa fjós fastanr.213-3287 mhl.05 á jörð sinni Brekkulæk í Miðfirði. Ráðið samþykkir erindið.
1. b. Arinbjörn Jóhannsson kt. 050350-7469 sækir um leyfi til að rífa fjárhús fastanr.213- 3274 mhl.01 einnig óskar Arinbjörn eftir að breyta notum hlöðu mhl.02 í geymslu og klæða bygginguna að utan með bárujárni. Ráðið samþykkir erindið.
2. Magnús Sigurðsson kt. 010450-3579 og Kolbrún Ólafsdóttir kt. 100252-3689 óska eftir heimild til að fjarlægja hús fastanr.213-4811 af lóðinni Sandvík nr.10 í landi Litlu-Borgar í Vesturhópi. Ráðið samþykkir erindið.
3. Breyting á deiliskipulagi frístundabyggðar í landi Litlu-Borgar. Athugasemdafrestur rann út þann 18. september 2011. Athugasemdir bárust frá; Guðrúnu Bergsdóttur. Frá Jóni Guðnasyni, Svövu Árnadóttur, Ingibjörgu Ingólfssdóttur og Birni A. Bergssyni. Frá Kolbrúnu Ólafsdóttur og Magnúsi Sigurðssyni. Byggðaráð Húnaþings vestra vísar athugasemdum til umsagnar ráðsins.

Svör: við athugasemdum Guðrúnar Bergsdóttur.

1. Skipulags- og umhverfissráð samþykkti að auglýsa tillöguna að ósk stjórnar Litlu-Borgar ehf. sem er hin lögformlegi fyrirsvarsaðili landeiganda.
2. Skipulags- og umhverfissráð tekur ekki afstöðu til lóðarstærða.
3. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að lóðarmörk séu aðlöguð raunveruleikanum. Á deiliskipulagstillögunni eru allar lóðir hnitsettar.

Svör: við athugasemdum Jóns Guðnasonar, Svövu Árnadóttur, Ingibjargar Ingólfssdóttur og Björns A. Bergssonar.

1. Skipulags og umhverfissráð telur sig ekki geta hlutast til um starfshætti einkahlutafélaga. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að deiliskipulagsbreytingin felst í því að aðlaga lóðarmörk að raunveruleikanum.
2. Í gildandi deiliskipulagi eru umræddar lóðir skilgreindar sem byggingarlóðir án athugasemda.

3. Deiliskipulagsbreytingin felst í því að verið sé að aðlaga lóðarmörk að raunveruleikanum. Ráðið telur sig ekki geta hlutast til um lögum eða stærð lóða.
4. Skipulags og umhverfisráð tekur undir ábendinguna hvað varðar breidd og tengingu við Borgarvirkisveg m.t.t. öryggissjónarmiða.
5. Sjá svar við athugasemd 2.
6. Skv. þjóðskrá á Litla-Borg ehf. allt landið. Byggingarlóðir við Borgarhlíð eru 15 eins og á gildandi deiliskipulagi. Ráðið tekur ekki afstöðu til aths. að öðru leyti.
7. Lóðirnar við Sandvík 1-4 (Bólalaut) eru á gildandi skipulagi og því ekki um breytingu að ræða.
8. Allar framkvæmdir á jörðinni hvort sem þær eru á vegum eiganda eða lóðarhafa eru háðar gildandi náttúruverndar-, skipulags-, byggingar-, brunamála- hollustuverndarlögum og reglugerðum.
9. Skipulags- og umhverfisráð telur sig ekki geta tekið afstöðu til athugasemdarinnar.
10. Svæðið er skipulagt fyrir frístundabyggð í samræmi við gildandi aðalskipulag fyrir Húnaþing vestra 2002-2014. Kafli 3.4 Breytingatillagan er í samræmi við það, þ.e. ekki er gert ráð fyrir heilsársbyggð á svæðinu.
11. Skipulags- og umhverfisráð gerir ekki athugasemd við að heimilt verði að byggja allt að 3 hús á lóð.
12. Skipulags og umhverfisráð telur sig ekki geta hlutast til um rekstur eða legu vatnsveitu einkaaðila.
13. Skipulags og umhverfisráð telur sig ekki geta hlutast til um gerð né staðsetningu og viðhald girðinga einkaaðila svo framarlega sem þær uppfylli lög og reglur þar að lútandi.
14. Í greinargerð með tillögunni kemur fram að verið sé að aðlaga lóðarmörk að raunveruleikanum.
15. Skipulags og umhverfisráð telur sig ekki geta tekið afstöðu til athugasemdarinnar.

Svör: við athugasemdum Magnúsar Sigurðssonar og Kolbrúnar Ólafsdóttur. Samhljóða fyrri svörum 1-15.

Það er skoðun skipulags- og umhverfisráðs að breytingatillagan sé í samræmi við lög og reglugerðir og vísar henni til endanlegrar afgreiðslu sveitarstjórnar.

4. Deiliskipulag/aðalskipulagsbreyting austan Norðurbrautar á Hvammstanga. Skipulags- og umhverfisráð samþykkti á fundi sínum þann 3. maí 2011 að tillaga að deiliskipulagi og breyting á aðalskipulagi fyrir svæðið yrði auglýst og kynnt. Í framhaldi af því gerði skipulagsstofnun athugasemd við kynningu á lýsingu fyrir aðalskipulagsbreytinguna. Kynning lýsingarinnar fór fram dagana 24. til 30. ágúst 2011, í samræmi við reglur þar um. Einnig gerði stofnunin athugasemdir við að gera þyrfti betur grein fyrir markmiðum og áherslum skipulagsins, úr því hefur nú verið bætt. Ráðið samþykkir nú að deiliskipulagstillaga frá Landmótun dags. 25.08.2011 verði auglýst og kynnt samhliða breytingu á þéttbýlisuppdrætti aðalskipulags Húnaþings vestra 2002-2014. Uppdráttur frá Landmótun dags. 24.08.2011.
5. Byggingarfulltrúi kynnti leyfisveitingu til handa Íslandspósti vegna endurbóta á húsnæðinu Lækjargötu 2. Leyfið var veitt þann 21. september 2011.

Tekið á dagskrá:

6. Byggðarráð Húnaþings vestra óskar eftir umsögn ráðsins um ósk Margrétar Eddu Jónsdóttur og Rannveigar S. Guðmundsdóttur um að útskiptur hluti þeirra úr landi Ásbjarnarnes landnr.144518 haldi nafninu Ásbjarnarnes. Ráðið tekur ekki afstöðu til þess hvor jarðarparturinn heldur nafni upprunaeignarinnar. Samkomulag allra eigenda þarf að liggja fyrir.
7. Byggðarráð Húnaþings vestra óskar eftir umsögn ráðsins um erindi Skeljungs hf, sem óskar eftir breytingu á aðal- og deiliskipulagi vegna áforma um framkvæmdir á lóð sem félagið hefur gert leigusamning um við eiganda jarðarinnar Melstaðar í Húnaþingi vestra. Á lóðinni áformar félagið að reisa um 330m² þjónustumiðstöð með eldsneytis og veitingasölu. Ráðið leggur til að gerð verði viðeigandi breyting á aðalskipulagi Húnaþings vestra 2002-2014 og að samhliða verði unnið deiliskipulag fyrir umrætt svæði.
8. Byggðarráð Húnaþings vestra óskar eftir umsögn ráðsins um erindi Sorpsamlags Strandasýslu, sem óskar eftir að fá að tilgreina urðunarstaðinn á Syðri-Kárastöðum sem varaurðunarstað í neyðaráætlun Sorpsamlagsins. Ráðið samþykkir erindið fyrir sitt leiti.
9. Ráðbarður sf. sækir um fyrir hönd Brekkulækjar ehf kt.531006-3800 um byggingarleyfi fyrir viðbyggingu við atvinnuhúsnæði að Brekkulæk í Miðfirði landnúmer 219930. Ráðið samþykkir erindið með fyrirvara um fullnægjandi gögn en bendir á að stærðir herbergja skulu vera í samræmi við lög og reglur sem um það gilda.
10. Forstöðumaður tæknideildar kynnir tillögur og greinargerð að breyttu deiliskipulagi útivistarsvæðisins í Kirkjuhvammi, frá Landmótun ehf., dagsett 05.10.2011 vegna lóða fyrir smáhýsi.. Afgreiðslu frestað.
Pétur Arnarson vék af fundi kl 19:00.

Fundargerð upplestin og samþykkt.

Fundi slitið kl. 20:35

Guðjón Þórarinn Loftsson(sign.),
Víglandur Gunnþórsson.(sign.),
Anna María Elíasdóttir(sign.),
Unnsteinn Andrésson(sign),
Erla B. Kristinsdóttir(sign.),
Benjamín Kristinsson, byggingarfulltrúi(sign.),
Pétur Arnarsson, slökkviliðsstjóri(sign),
Ólafur H.Stefánsson forstöðumaður tæknideildar(sign),